

S A M Þ Y K T**86**
7. des.

fyrir

girðingarfjelag neðri hluta Borgarhrepps.**1. gr.**

Gaddavírsvirðing fimmþætt, og að öðru leyti eftir girðingarlögnum, skal vera á merkjum norðanvert við lönd jarðanna Ánabrekku, Litlubrekku og Hamars, frá Langá suður að þjóðvegi á Hamarstungu; beygir síðan meðfram veginum niður að Hamarslæk. Þessa álmu meðfram veginum má framlengja niður að merkjum Hamars og Kárastaða, ef samþykkt er með meiri hluta atkvæða á fjelagsfundi.

2. gr.

Girðing þessi er gjörð til nota fyrir alla ábúendur í Borgarhreppi, er búa fyrir neðan þessa girðingu, og bera þeir allan kostnað af henni svo og aðrir fjáreigendur á girðingarsvæðinu. Ennfremur þeir, er geymslu fá á fje sínu á þessu svæði haust eða vor. Skiftist kostnaðurinn árlega eftir fjenaðarfjölda hlutaðeigandi manna, eftir líkri reglu og fjallskil.

3. gr.

Skýldur er hver ábúandi á girðingarsvæðinu að vinna að byggingu og viðhaldi á girðingunni, þegar hann er krafinn um það, gegn endurgjaldi úr fjelagssjóði.

Verði einhver uppvís að því að spilla girðingunni af ásettu ráði eða vítaverðri vangá, skal hann bæta spjöllin. Verði ábúendaskifti á jörðum, hvílir viðhaldsskyldan á þeim, er við jörðinni tekur.

4. gr.

Girðingarfjelagar, það er allir ábúendur á girðingarsvæðinu, halda aðalfund í október ár hvert. Á þeim fundi kjósa þeir formann fyrir fjelagið fyrir 1 ár í senn, skifta hinum árlega kostnaði eftir fyrsögðum reglum og gera aðrar þær ályktanir, er girðinguna varða og nauðsynlegar þykja. Formaður innheimtir gjöld þau, sem jafnað er niður og annast um greiðslur fyrir fjelagsins hönd. Leggur hann fram reikningsskil á aðalfundi til úrskurðar.

Formaður hefir eftirlit með, að girðingin sje jafnan í fullu standi og kallar fjelagsmenn til vinnu þegar þurfa þykir, samkv. 3. gr.

5. gr.

Öllum er skylt að fylgja stranglega fyrirmælum reglugjörðar Mýrasýslu um fjallskil, að því er snertir rekstur afrjettarpenings úr heimahögum.

86

6. gr.

7. des.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 2—20 kr., er renni í sveitar-sjóð Borgarhrepps.

Samþykkt þessi, sem gjörð er af hreppsnefnd Borgarhrepps samkvæmt lögum nr. 66, 22. nóvember 1913, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. janúar 1926, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. desember 1925.

Jón Þorláksson.

Oddur Hermannsson.

87

31. des.

REGLUGJÖRÐ

um

hundahald í Eskifjarðarkauptúni.

1. gr.

Bannað er að halda hunda í Eskifjarðarkauptúni. Bann þetta gildir einnig um þá hunda, sem kunna að vera taldir að eiga heima utan kaupsins, en vitanlegt er um, að eigendur þeirra eru búsettir á Eskifirði og hundarnir hafðir þar að staðaldri.

Ákvæði þessi gilda fyrir svæði það, sem verslunarlóð kaupsins nær yfir.

2. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 100 til 300 krónum, sem renna í hreppssjóð Eskifjarðarhrepps. Auk þess er hver sá hundur rjettdræpur, sem fyrirfinst í kaupsinu, nema hann fylgi utankaupsmanni.

3. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. febrúar 1926.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 8, 4. júní 1924 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. des. 1925.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.